

Kjósarhreppur
Skipulagsfulltrúi
Félagsgarði
270 Mosfellsbær

Reykjavík 9. júlí 2018
UST201806-184/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Kjósarhrepps 2017-2029 - heildarendurskoðun

Vísað er til erindis bygginga- og skipulagsfulltrúa er barst 14. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017 – 2029.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu sem er afar greinargóð. Helstu athugasemdir stofnunarinnar varða efnistökusvæði, enda eru aðeins þrjú efnistökusvæði af þrjátíu og níu með framkvæmdarleyfi. Umhverfisstofnun minnir á að áður en leyfi er veitt til efnistöku skal liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um efnistöku eða lýsing á fyrirhugaðri framkvæmd, afstöðumynd og önnur nauðsynleg gögn um framkvæmdina samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Þar sem í Kjósarhreppi eru margir efnistökuastaðir á verndarsvæðum minnir stofnunin á að tilkynna þarf efnistöku á verndarsvæðum til Skipulagsstofnunar áður en vinnsla hefst. Efnistaka á verndarsvæðum er í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 60/2000, flokkuð í B-flokki og í þeim flokki eru tilgreindar þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 2. viðauka.

Efnistökusvæði

Í greinargerð aðalskipulagstillögu fyrir Kjósarhrepp kemur fram að alls eru þrjátíu og níu efnistökusvæði í sveitarfélaginu, og hefur þeim fjölgað um átta frá gildandi aðalskipulagi.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fækka frekar en fjölga efnistökusvæðum og bendir á að í *velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020*, sem gefin var út af umhverfisráðuneytinu, er skýr stefnumörkun varðandi efnistökusvæði en þar segir á bls. 40: „*Æskilegt er að nám jarðefna fari eftir því sem hægt er fram á tiltölulega fáum afmörkuðum námasvæðum. Fáar og stórar námur hafa minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar, auk þess sem minni hætta er á að*

sérstæð náttúruyfyrirbæri verði fyrir skemmdum. Því verður stefnt að áframhaldandi fækkun náma í vinnslu“.

Umhverfisstofnun minnir á að í aðalskipulagi skal einungis sýna þau efnistökusvæði sem til stendur að nýta á því skipulagstímabili sem tillagan nær til.

Umhverfisstofnun bendir á að í tillögunni er gert ráð fyrir fjölda efnistökusvæða á verndarsvæðum, þ.e. svæði á náttúruminjaskrá s.s. E 12 á Búðasandi sem er á svæði nr. 134 í skránni. Umhverfisstofnun bendir á að á Búðasandi fer fram efnistaka án framkvæmdaleyfis. Einnig bendir stofnunin á að þar sem efnistökusvæðið er á svæði á náttúruminjaskrá þá þarf Kjósarhreppur að fá umsögn Umhverfisstofnunar um áætlaða efnistöku áður en framkvæmdaleyfi fyrir efnistökunni er gefið út. Einnig bendir stofnunin á að skv. skipulagstillögunni ná efnistökusvæði á Búðasandi yfir svæði sem tiltekin eru í töflu á bls 26-27, en þar segir að efnistökusvæði E 12 nái yfir 0,2 ha. Stofnunin bendir á að efnistakan á Búðasandi er í virkri sandfjöru sem er sibreytileg og því eiga stærðarmörk ekki við. Stærðarmörk eru yfirleitt sett til þess að takmarka rask af völdum efnistökkunnar, en í virkri fjöru eiga þau ekki við. Nauðsynlegt er að horfa til áhrifa efnistökkunnar á Búðasand og umhverfi hans.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt þar sem efnistaka fer fram á náttúruminjasvæði að öll tilskilin leyfi séu fyrir hendi og að gengið sé vel um svæðin og að forðast verði allt óþarfa rask.

Umhverfisstofnun ítrekar að efnistaka er framkvæmdaleyfis skyld og það er skylda sveitarfélagsins að sjá til þess að landeigendur sæki um tilskilin leyfi.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að með leyfi fyrir landeiganda að stunda efnistöku til eigin þarfa er verið að miða við þarfir landeiganda sem ábúanda en ekki þarfir landeiganda sem verktaka.

Stofnunin bendir á að á vefnum namur.is er að finna allar upplýsingar um efnistöku og frágang efnistökusvæða.

Strandsvæði

Umhverfisstofnun tekur undir stefnu um strandsvæði, og telur þau svæði sem valin eru vel til þess fallin að þjóna sem útivistarsvæði. Stofnunin bendir á að efnistaka er að hafa áhrif á Búðasand og þyrfti að hætta henni.

Fráveita


Umhverfisstofnun tekur undir það að lokið verður við úttekt á fráveitu- og regnvatnskerfum á skipulagstímabilinu. Stofnunin minnir einnig á að seyru skal ætíð fargað á viðurkenndum seyrumóttökustað.


Umhverfisskýrsla

Í umhverfisskýrslu er farið yfir umhverfisáhrif af stækkun golfvallar í Hvammsvík. Í dag er á svæðinu 9 holu golfvöllur sem nær yfir 29 ha svæði. Skv. áætlun á að stækka völlinn

í 18 holu golfvöll sem mun ná yfir 68 ha svæði. Umhverfisstofnun tekur undir mat á umhverfisáhrifum stækkunarinnar. Að mati Umhverfisstofnunar verða umhverfisáhrif af stækkun ekki eins mikil og að taka óraskað svæði undir nýjan völl. Umhverfisstofnun bendir þó á að skv. uppdrætti er áætlun um að golfvallarsvæðið liggi að fjöru á tveimur stöðum. Umhverfisstofnun minnir á mikilvægi þess að aðgengi almennings meðfram sjónum verði ekki heft og minnir á gr. 5.3.2.14 skipulag við vötn, ár og sjó í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, þar sem kveður á um að ekki skal framkvæma nær ám, sjó og vötnum en 50 m.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur